

MINNISBLAÐ

VERKHEITI

Drög að viðbrögðum vegna umsagna og athugasemda við deiliskipulagið Selskógur, útivistarsvæði.

DAGS.

18.09.2023

SVEITARFÉLAG

Múlaping

MÁLEFNI

Drög að svörum vegna umsagna og athugasemda við tillögu, ásamt öðrum breytingum á skipulagi.

UMSAGNARAÐILI / ATHUGASEMDARAÐILI- DAGS	ATHUGASEMD (SAMANTEKNIR HELSTU PUNKTAR)	VIÐBRÖGÐ OG BREYTINGAR VEGNA UMSAGNA/ATHUGASEMDA
Öldungaráð Múlapingis – 25.05.23	<i>Öldungaráð fagnar nýju deiliskipulag og hvetur sveitarfélagið til dáða varðandi viðhald á svæðinu til að mynda við útileikhúsið</i>	Pakkað er fyrir ábendingar. Athugasemd þarfnast ekki breytinga á deiliskipulagi.
Ungmennaráð Múlapingis – 08.05.23	<i>Ungmennaráð fangar nýju deiliskipulagi. Þá bendir ungmennaráð á að hluti innviða séu í slæmu ásigkomulagi og þarfnist viðhalds. Einnig íhugar ráðið hvort að sérstakir „stökkstaðir“ séu ráðlegir hvað skaðabótamál varðar ef slyss kæmi við Eyvindará.</i>	Pakkað er fyrir ábendingar. Kafllinn Gamla Eyvindarárbúin (Á3) var uppfærður til samræmis við umsögn. Orðalag var lagfært þar sem sveitarfélagið hvetur ekki til ógætilegrar hegðunar. Við áningarstað við Gömlu Eyvindarárbúna er mikilvægt að bæta öryggi t.d. með varúðar- og upplýsingarskiltum og neyðarbúnaði. Þá þarf að stuðla að bættu aðgengi neyðarbíla að brúnni.
Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks – 17.05.23	<i>Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks fagnar nýju deiliskipulagi og að gert sé ráð fyrir að hluti göngustíga verði aðgengilegri fyrir fólk í hjólastólum. Þá bendir ráðið á að mikilvægt sé að tryggja aðgengi fyrir alla, allan ársins hring. Í því skyni þyrfti að huga að upphituðum göngustígum og hafa eins lítinn halla og hægt er fyrir aðgengi hjólastóla, þannig að viðkomandi geti farið þar um án aðstoðar. Þá bíður samráðshópurinn fram aðstoð sína varðandi ráðgjöf við hönnun stíga.</i>	Pakkað er fyrir ábendingar og framboðna aðstoð. Í kafla Aðalstígur er bætt við aukinni áherslu á hönnun fyrir alla á aðalstíg. Síðan gerir skipulagið ráð fyrir að á veturna verði hægt að spora gönguskíðaspor á aðal- og útivistarstígum því sé það ljóst að ekki fari saman upphituð gönguleið og gönguskíðaspor. Í kafla Aðalstígur verður einnig gert ráð fyrir breidd aðalstígar verði 3-4 metra sem gefur kost á því að hægt sé að troða gönguskíðaspor á öðrum helmingum og síðan fjölnotaspor hinum megin.

<p>Gönguskíðadeild SKÍS – 29.03.23</p>	<p><i>Gönguskíðadeild SKÍS (áður Snæhéarar) hafa til magra ára séð um að gera gönguskíðaspor í Selskógi í sjálfboðavinnu. Gönguskíðasporið hefur verið vinsælt og iðkendur hefur farið fjölgandi. Deildin fagnar því að gert sé ráð fyrir áframhaldandi gönguskíðaiðkunar í skóginum en á tillögunni séu þó nokkrir annmarkar.</i></p> <p><i>-Breidd stíga þarf að vera meiri þar sem troðarar eru 4 metra breiðir en aðeins sé gert ráð fyrir að aðalstígur sé 2,5-3 metrar á breidd og útivistarsígar séu 1,5 metrar á breidd.</i></p> <p><i>-Leiðarval útivistarstíga hentar illa á ýmsum stöðum vegna krappa beygja og brattra brekkna.</i></p> <p><i>-Vémörkin hefur verið aðal svæði fyrir lagningu gönguskíðaspors í skóginum enda nægt pláss þar, því er bent á að tillagan virðist gera ráð fyrir að þrengt verði að opna svæðinu í Vémörk.</i></p> <p><i>-Framtíðarsýn deildarinnar er að geta útbúið 3 km hring í Selskógi.</i></p> <p><i>-Þá er bent á að mikill kostur sé að leiðin sé upplýst þar sem gönguskíðaiðkun fer oft fram í svartasta skammdeginu. Að lokum bíður gönguskíðadeild Skíðafélagsins í Stafdal fram aðstoð og ráðgjöf við hönnun á gönguskíðabraut í Selskógi.</i></p>	<p>Pakkað er fyrir ábendingar og framboðna aðstoð.</p> <p>Á uppdrætti var aðalgöngustígur lengdur og nær hann nú allan stóra hringinn í skóginum. Einnig var lega göngustíga á uppdrætti lagfærð þannig að dregið var úr kröppum beygjum á aðalgöngustíg. Í greinargerð var breidd aðalgöngustígs breikkuð upp í 3-4 metra og einnig var gefin heimild fyrir því að hafa 0,5-1 metra breitt belti meðfram aðalstíg með lágvöxnum gróðri. Þá var bætt við eftirfarandi texta í kafla Aðalstígur „Við hönnun, lagningu nýrra leiða eða við endurbætur á núverandi stíg skal stuðla að góðu aðgengi fyrir alla (sjá leiðbeiningar Hönnun fyrir alla¹), ásamt því að huga skal að því að troðari eða annað sambærilegt tæki geti komist um.“</p>
<p>Vegagerðin – 10.03.23</p>	<p><i>Vegagerðin bendir á að útfærsla teningar og gönguþverana að fyrirhuguðum áningarstað séu fyrstu frumdrög og því mætti gera ráð fyrir einhverjum breytingum þegar til loka hönnunar kemur.</i></p>	<p>Pakkað er fyrir ábendingar</p> <p>Í kafla Aðkoma og bílastæði var bætt við texta þess efnis að lega göngustíga, gatna og umferðarmannvirkja geta breytist við nánari hönnun og krefst slíkt ekki breytinga á deiliskipulagi sér í lagi ef stuðlað er að bættu aðgengi og umferðaröryggi.</p>

¹ Reykjavíkurborg og Vegagerðin (2019). Hönnun fyrir alla, algild hönnun utandyra. Leiðbeiningar.

<p>Rarik – 21.03.23</p>	<p><i>Rarik gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á að háspennt loftlína liggur inn á svæðið frá spennistöð Vémörk og mun væntanlega verða skipt út í jarðstreng einhvern tímann.</i></p>	<p>Pakkað er fyrir ábendingar. Athugasemd þarfnast ekki breytinga á deiliskipulagi.</p>
<p>Minjastofnun Íslands – 21.03.23</p>	<p><i>Minjastofnun Íslands (MÍ) bendir á að ef breyta þarf legu göngustíga innan friðhelgunarsvæði fornleifa sem og nýlagningu stíga innan friðhelgunarsvæði fornleifa þarf að vinna þau áform í samráði við MÍ.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> - <i>MÍ gerir athugasemd við lagningu stígs við fornleif 2559-97 og telur að þar þurfi að hnika legur stígarins til varnar minjanna.</i> - <i>MÍ bendir á að Eyvindarábrúin sé friðuð og friðuð samkvæmt 29. Gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og þarf því að vinna lagfæringar á henni í samráði við MÍ. Lagfæra þarf greinargerð þar sem fram kemur að bæta þurfi öryggi á staðnum, meðal annars með nýju brúarhandriði og ákveðnum „stökk-stöðum“ þar sem er gott aðgengi upp úr ánni aftur.</i> - <i>MÍ heimilar að framkvæmdir við aðkomu frá Seyðisfjarðarvegi nái inn fyrir friðhelgunarsvæði kolagrafar nr. 2559-93 með því skilyrði að þær séu merktar með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur svo að þær verði ekki fyrir raski.</i> - <i>Bent er á að byggingarreit B4 austan við Eyvindarár var bætt við skipulagið á seinni stigum og var því ekki hluti af fornleifaskráningu svæðisins. Um sé að ræða lítinn hluta og mun minjavörður skoða svæðið á vettvangi um leið og aðstæður leyfa.</i> 	<p>Pakkað er fyrir ábendingar.</p> <p>Eitt að markmiðum deiliskipulagsins er að stuðla að nýtingu svæðisins til útivistar og náttúruupplifunar. Til þess að skapa enn betri aðstæður til útivistar í skóginum þarf að fara í uppbyggingu og lagfæringar á göngustígakerfinu þannig að fleiri geti nýtt sér skóginn til heilsubótar. Gerðar hafa verið breytingar á greinargerð og uppdretti eftir auglýsingu til að stuðla að bættu aðgengi t.d. með því að lengja aðalstíg og heimila að breidd aðalstíga sé 3-4 metrar. Þá hefur stígalega verið sumstaðar breytt til þess að draga úr kröppum beygjum. Þessar breytingar eru til þess fallnar að hafa meiri áhrif minjar og helgunarsvæði minja (þá aðallega kolagrafa) en í auglýstri tillögu. Samkvæmt minjaskráningu fundust 118 minjar og þar af 115 kolagrafir, sem gerir uppbyggingu erfitt um vik ef á að takak fullt tillit til skráðara minja og helgunarsvæði þeirra. Í auglýstri tillögu var gert ráð fyrir að í einhverjum tilvikum þurfi að raksa landi innan helgunarsvæði minja og mögulega einhverjum minjum. Litið er á að bætt aðgengi í Selskógi sé hagsmunamál almennings og því sé nú gert ráð fyrir röskun á fleiri kolagröfum og/eða helgunarsvæða þeirra. Einnig er gert ráð fyrir að uppmæling kolagrafa sé nægjanleg mótvægisáðgerð þegar kemur að röskun kolagrafa vegna endurbóta og gerð nýrra göngustíga samkvæmt deiliskipulagi.</p>

		<p>Síðan var kaflinn Gamla Eyvindarárbrúin (Á3) uppfærður til samræmis við umsagnir.</p>
<p>Umhverfisstofnun – 10.03.23</p>	<ul style="list-style-type: none"> - <i>Að mati UST er mikilvægt að brýrnar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er og verði ekki mjög áberandi í landslaginu.</i> - <i>UST telur æskilegt að fjallað sé um gönguleið frá fyrirhugaðri brú inn í Miðhúsaskóg, umhverfisáhrif metin og það komi fram í tillögunni hvort rask verði á birkitrjám og gróðri.</i> 	<p>Þakkað er fyrir ábendingar.</p> <p>Í kafla Byggingar og mannvirki var bætt við skilyrðum að fella skuli göngubrýr vel að svipmóti og einkennum lands.</p> <p>Í greinargerð kemur fram að við útgáfu framkvæmdaleyfis á byggingarreitum B3/B4 (nýjar göngubrýr yfir Eyvindará) skal liggja fyrir mat á áhrifum af fyrirhuguðum brúarframkvæmdum á Miðhúsaskóg til að mynda umhverfisáhrif og hvort að rask verði á birkitrjám og gróðri.</p>
<p>Skógræktin – 10.03.23</p>	<ul style="list-style-type: none"> - <i>Samkvæmt lista sem Skógræktin heldur utan um kemur fram að Selskógur fellur ekki undir vernd skv. 61. Gr. laga um náttúruvernd.</i> - <i>Lagt er til að texta varðandi grisjun sé breytt í greinargerð með það að leiðarljósi umstang og rask verði minna í skóginum.</i> - <i>Skógræktin bendir á að með mannvirkjagerð í skógi vöxnu landi felst í varanleg eyðing skóga og að í greinargerðinni kemur ekki fram hve mikið að birkiskógi þarf að ryðja fyrir nýjum mannvirkjum t.d. vegna nýrrar skíðabrekku. Þegar varanleg eyðing skógar á sér stað þarf að gera annars vegar mótvægisáðgerðir sem felast í því að koma þarf upp sambærilegu miklum skógi og ruddur var. Hins vegar þarf að skila inn gögnum til Skógræktarinnar varðandi skógareyðinguna.</i> 	<p>Þakkað er fyrir ábendingar.</p> <p>Kafla Verndun og friðun var uppfærður samkvæmt umsögn Skógræktarinnar. Þar sem birkiskógurinn í Selskógi fellur ekki undir vernd 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p> <p>Kaflinn Gróður og umhirða var uppfærður samkvæmt umsögn Skógræktarinnar. Þar sem lögð er meiri áhersla á að skógurinn sé grisjaður oft en sjaldnar og ekki of mikið í einu.</p> <p>Sett voru inn skilyrði vegna varanlegrar skógareyðingar í kafa Gróður og vistkerfi í Umhverfismatsskýrslu.</p>
<p>Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) – 10.03.23</p>	<p><i>Komi er á framfæri upplýsingum varandi leiksvæði, fallvarnir, aðkomu sjúkrabíla og almenningsalerni.</i></p>	<p>Þakkað er fyrir ábendingar.</p>

	<i>Varðandi aðkomu neyðartækja þá er bent á að aðkoma sjúkrabíla þarf að vera vel skilgreind.</i>	Samkvæmt greinargerð skal aðalstígur vera aðgengilegur neyðarbifreiðum. Þær breytingar sem hafa átt sér stað eftir auglýsingu eru til þess fallnar að aðgengi neyðarbíla í Selskógi verði enn betra í framtíðinni þar sem skilgreiningu stígum og slóðum hefur verið breytt þannig að nú er heildarvegalengd aðalstíga meiri en áður var.
Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) – 12.03.23	<i>Að mati NÍ ætti að framkvæmda betri skoðun og skráningu á fléttutegundum á svæðinu til þess að tryggja að ekki verði raskað vaxtarstöðum friðaðra tegunda. Þá sérstaklega þar sem fyrirhugað er að ryðja birkiskógi.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar. Í kafla Skíðabrekka (Á5) verður bætt við skilyrðum fyrir skógareyðingu.
Stefán Bogi Sveinsson – 01.03.23	<i>Bent er á að aldur gömlu brúnni yfir Eyvindará sé á reiki, þar sem heimildum ber ekki saman um aldur hennar. Þá leggur Stefán Bogi til að brúin verði færð í upprunalegt horf í samstarfi við Vegagerðina til þess að stuðla að verndun brúarinnar og til fegrunar svæðisins.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar. Kafllinn Gamla Eyvindarárbrúin (Á3) var uppfærður til samræmis við ábendingar og bætt var við eftirfarandi texta: „Við endurbætur á brú og gerð áningarstaðar skal unnið í samráði við Minjastofnun Íslands, Vegagerðina og viðbragðsaðila. Þá eru uppi hugmyndir um að færa brúinna í nær upprunalegt horf.“
Fiskistofa – 14.02.23	<i>Bendir á að framkvæmdir í eða við veiðivötn allt að 100 metrum frá bakka þess kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar.
Annað		<ul style="list-style-type: none"> - Texti um sorphirðu var uppfærður miðað við nýtt flokkunarkerfi Múlaþings - Bætt var inn texta varðandi mótvægisáðgerðir vegna röskunar á kolagröfum til þess að bæta aðgengi almennings.